

# STJÓRNARTÍÐINDI B 17 – 2001

Nr. 138

260

22. febrúar 2001

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Kópavogi.

*Íþróttasvæði Knattspyrnufélagsins Víkings í Fossvogsdal. Deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarstjórn Kópavogs þann 23. janúar 2001 samþykkt tillögu að deiliskipulagi Íþróttasvæðis Knattspyrnufélagsins Víkings. Í tillögunni er gert ráð fyrir stækkun svæðisins til suðurs þ.e. inn í lögsögu Kópavogs.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.  
Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Íþrótt- og skólasvæði í Fossvogsdal (H.K. og Snælandsskóla). Deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarstjórn Kópavogs þann 23. janúar 2001 samþykkt tillögu að deiliskipulagi Íþrótt- og skólasvæði Handknattleiksfélags Kópavogs og Snælandsskóla í Fossvogsdal. Í breytingunni felst m.a. að gert er ráð fyrir malarvelli vestast á skipulagssvæðinu í stað tennissvæðis og skólavallar; félagssvæðið stækki til austurs þar sem fyrirhugað er æfingarsvæði; fyrirhugaður byggingarreitur sundlaugar breytist; afmörkun og fyrirkomulag leiksvæðis norðvestan Snælandsskóla breytist og gert er ráð fyrir tveggja hæða viðbyggingu, auk jarðhæðar við vesturálmú (B-álmú) skólans. Akstursleiðir eru óbreyttar en gönguleiðir breytast lítillega.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.  
Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Athafnasvæði BYKO Breiddinni. Breytt deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarstjórn Kópavogs þann 23. janúar 2001 samþykkt tillögu að breyttu deiliskipulagi athafnasvæðis BYKO í Breiddinni. Í tillögunni felast breytingar hvað varðar aðkomu, gatna-kerfi og fyrirkomulag bygginga og bílastæða. M.a. er fyrirhugað að núverandi timburvinnsluhús verði fjarlægð auk þess sem útitimbur og geymslusvæði flyst af svæðinu. Samkvæmt tillögunni mun nýtt verslunarhús rísa við núverandi lagerhús og núverandi timbur- og byggingarvöruheymislur verða minnkaðar og endurbættar og nýttar sem þjónustuhús. Skrifstofur verða áfram á núverandi stað þ.e. næst Nýbýlaveginum. Í tillögunni er jafnframt gert ráð fyrir að byggð verði ein hæð ofan á núverandi skrifstofubyggingu og sunnan hennar rísi ný fimm hæða bygging.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.  
Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Bæjarlind 8-10. Breytt deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarstjórn Kópavogs þann 23. janúar 2001 samþykkt tillögu að breyttu deiliskipulagi lóðarinnar nr. 8-10 við Bæjarlind. Í breytingunni felst að lóð og hús eru stækkuð til norðurs. Lega göngustígs austan megin við húsið breytist lítillaga.

Uppdrættir hafa hloti þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.  
Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Lindir IV. Deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarstjórn Kópavogs þann 23. janúar 2001 samþykkt tillögu að deiliskipulagi Linda IV. Deiliskipulagssvæðið afmarkast af Reykjanesbraut í vestur og norður, Lindarvegi í austur og Fífuhammsvegi í suður. Í tillögunni er gert ráð fyrir að byggt verði verslunar- og þjónustuhúsnæði, að stofni til á tveimur hæðum. Í suðvesturhorni fyrirhugaðs byggingarreits gerir tillagan ráð fyrir 9 hæða byggingu. Áætlað byggingarmagn er um 25.000 m<sup>2</sup> og fjöldi bílastæða um 1.300. Aðkoma er fyrirhuguð frá Lindarvegi.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.  
Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Logasali 5. Breyting á deiliskipulagi.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarráð Kópavogs þann 21. desember 2000 samþykkt tillögu að breyttu deiliskipulagi lóðarinnar nr. 5 við Logasali. Í tillögunni felst að einbýli er breytt í tvíbýli.

Uppdrættir hafa hloti þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.  
Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Logasali 9. Breyting á deiliskipulagi.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarráð Kópavogs þann 21. desember 2000 samþykkt tillögu að breyttu deiliskipulagi lóðarinnar nr. 9 við Logasali. Í breytingunni felst að mænishæð fyrirhugaðs húss er hækkuð sem nemur 20 sm.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.  
Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Kópavogi, 22. febrúar 2001.*

**Birgir H. Sigurðsson** skipulagsstjóri.